



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2010

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 277 – 246. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla. Með frumvarpinu á að fjölga héraðsdómurum um fimm og hæstaréttardómurum um þrjá.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp en vill koma eftirfarandi á framfæri.

Í 70. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að allir eigi rétt á að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Það er grundvallarréttur að slík málsmeðferð taki ekki óhóflega langan tíma og því mikilvægt vegna fyrirsjánlags álags á dómstólana að leita leiða til þess að koma í veg fyrir að málsmeðferð þeirra dragist ekki úr hófi fram. Mannréttindaskrifstofan styður því að dómurum verði fjölgað við dómstóla landsins til þess að tryggja skjóta málsmeðferð á meðan alda dómsmála í kjölfar bankahrunsins gengur yfir.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri